

ÁRSSKÝRSLA GRUNNSKÓLANS Á SUÐUREYRI

Stutt yfirlit yfir helstu þætti skólaársins 2020-2021

Ábyrgðaraðili er Jóna
Benediktsdóttir

Ársskýrsla Grunnskólans á Suðureyri
2020-2021

Efnisyfirlit

Inngangur.....	2
Stiklað á stóru um óvænt atriði.....	2
Starfsfólk Grunnskólans á Suðureyri skólaárið 2020-2021.....	2
Nemendafjöldi	3
Nefndir og ráð	3
Fjöldi kennslustunda.....	4
Skipulag kennslu	4
Breytingar vegna sóttvarna.....	5
Samstarf heimila og skóla	5
Heimsóknir	6
Markmið og stefna.....	8
Stefna Grunnskólans á Suðureyri	8
Starfsmarkmið skólaársins 2019-2020	8
Kennsla og skipulag bekkjardeilda.....	11
Yngsta stig	11
Miðstig.....	13
Elsta stig	15
Smiðjur	17
Áhugasviðsverkefni	18
Valgreinar	19
Samræmdar mælingar.....	19
Samræmd könnunarpróf JB	19
Lesferill.....	20
Aðkeypt þjónusta.....	21
Sjálfsmat.....	21
Viðhald og viðhaldspörf	21
Samstarf við nærsamfélagið	22
Lokaorð	22

Ársskýrsla Grunnskólans á Suðureyri 2020-2021

Inngangur

Í ársskýrslu Grunnskólans á Suðureyri er lýst helstu skipulagsatriðum vetrarstarfsins og stiklað á stóru í yfirferð yfir helstu verkefni. Tilgangur með ritun skýrslunnar er að halda til haga helstu upplýsingum um skólastarfið. Skýrslan er send Skólasviði Ísafjarðarbæjar og skólaráði Grunnskólans á Suðureyri og birt á heimasíðu skólans. Grunnskólinn á Suðureyri hóf starfsemi 1908. Skólastjóri frá hausti 2018 – skólaloka 2021 er Jóna Benediktsdóttir sem er jafnframt ábyrgðaraðili þessarar skýrslu.

Stiklað á stóru um óvænt atriði

Þetta skólaár hefur verið óvenjulegt að því leiti að lítið var um heimsóknir utan að komandi aðila í skólann og óvænt atriði vegna sóttvarnafyrirmæla. Þó að á köflum hafi verið heimilt að bjóða fólki í heimsóknir breyttust fyrirmælin það oft að ekki var hægt að gera áætlanir fram í tímann. Veðurfar var okkur hagstætt, enginn skóladagur féll niður hjá nemendum vegna þess en vegna fyrirmæla sóttvarnalæknis féllu niður tveir skóladagar.

Starfsfólk Grunnskólans á Suðureyri skólaárið 2020-2021

Í vetur hafa starfað við skólann 19 starfsmenn í misstórum stöðuhlutföllum, sumir þeirra aðeins hluta úr ári eða við tímabundin verkefni.

Aldís Jóna Haraldsdóttir,	35% tímabundið starf, leiðbeinandi
Álfís Hrefna Þorleifsdóttir	15% tímabundið starf, leiðbeinandi
Arnheiður Svanbergisdóttir	50% starf, stuðningsfulltrúi
Bryndís Birgisdóttir	100% starf, umsjónarkennari
Edda Björk Magnúsdóttir	70% starf, leiðbeinandi og umsjónarkennari
Einar Mikael Sverrisson	45% tímabundið starf, leiðbeinandi
Guðríður Sigurðardóttir	Tímabundið starf við sundkennslu
Helena Hrunn Jónsdóttir	Skólahjúkrunarfræðingur
Þórunn Berg	Skólahjúkrunarfræðingur
Janusz Frach	8% starf, leiðbeinandi
Jóhannes Aðalbjörnsson	100% starf, kennari
Jóna Benediktsdóttir	100% starf, skólastjóri
Jónína Hrönn Símónardóttir	16% starf, náms-og starfsráðgjafi
Kristrún Linda Jónasdóttir	50% starf, stuðningsfulltrúi
Ólöf Birna Jensen	70% starf, leiðbeinandi
Sara Hrunn Signýjardóttir	61% starf, grunnskólakennari
Sigmar Þór Óttarsson	50% tímabundið starf, grunnskólakennari
Sigurros Eva Friðbjófsdóttir	12% starf, danskennari
Thitikan Janthawong	50% starf, skólaliði og 8% starf leiðbeinandi
Vilborg Ása Bjarnadóttir	100% starf, umsjónarkennari

Námsráðgjafi er við í skólanum á mánudögum og skólahjúkrunarfræðingur er ráðinn við Heilbrigðisstofnun Vestfjarða og sinnir lögbundinni þjónustu við skólann með reglulegum

Ársskýrsla Grunnskólans á Suðureyri
2020-2021

heimsóknnum skólahjúkrunarfræðings sem í vetur var sinnt af tveimur aðilum vegna barneigna.

Nemendafjöldi

Nokkur hreyfing er jafnan á nemendum yfir skólaárið og við skólalok var nemendafjöldi og dreifing í árganga sem hér sýnir:

bekkur	stúlkur	drengir	alls
1	1	2	3
2	5	4	9
3	1	1	2
4	2	0	2
5	2	2	4
6	3	4	7
7	0	5	5
8	0	2	2
9	3	3	6
10	5	1	6
alls	23	22	46

Hlutfall nemenda sem eiga annan eða báða foreldra af erlendum uppruna er 54%.

Nefndir og ráð

Samkvæmt reglugerð skal starfa skólaráð og nemendaverndarráð við skólann.

Þetta skólaár störfuðu í skólaráði Jóna Benediktsdóttir, skólastjóri, Vilborg Ása Bjarnadóttir, kennari, Sara Hrund Signýjardóttir kennari, Arnheiður Svanbergisdóttir, stuðningsfulltrúi, María Kozak og Sverrir Bjarki Svavarsson, fulltrúar nemenda, Emilia Agata Górecka og Anna Anikiej fulltrúar foreldra og Guðni Einarsson, fulltrúi nærsamfélags. Vegna samkomutakmarkana vegna Covid-19 fundaði skólaárinu aðeins einu sinni á skólaárinu og fór yfir hefðbundin verkefni svo sem skóladagatal og almennt skipulag skólastarfsins. Tvær tillögur komu frá nemendum, annars vegar um að efla þyrfti bókakost skólans og hins vegar um að stytta mætti matarhlé og verður tekið tillit til þeirra við skipulag skólastarfsins á komandi skólaári.

Ársskýrsla Grunnskólans á Suðureyri
2020-2021

Í nemendaverndarráði störfuðu Jóna Benediktsdóttir, skólastjóri, Vilborg Ása Bjarnadóttir, kennari, Þórunn Berg og Helena Jónsdóttir voru fulltrúar heilsugæslu, Jónína Hrönn Símonardóttir, náms- og starfsráðgjafi og Dagný Snæbjörnsdóttir, fulltrúi barnaverndar.

Nemendaverndarráð fundaði tvisvar á skólaárinu.

Í skólanum starfar einnig nemendaráð sem skipuleggur félagslíf nemenda. Í því sitja allir nemendur unglingastigs. Stjórn nemendaráðs var að þannig skipuð að þessu sinni: Svanfríður Guðný Þorleifsdóttir – formaður

Aleksandra Duda - ritari

Alexandra Harðardóttir – gjaldkeri

Sverrir Bjarki Svavarsson og Trausti Egill Aðalsteinsson - meðstjórnendur

Vinna þess var með hefðbundnum hætti þó að lítið hafi verið um viðburði fyrir nemendur vegna samkomutakmarkana. Gefið var út skólablað og nemendaráð gegndi mikilvægu hlutverki við skipulag og úrvinnslu varðandi nemendaþing.



Hrekkjavökuball

[Fjöldi kennslustunda](#)

Skólaárið 2020-2021 var skólanum úthlutað 155,5 kennslustundum og voru um 153 stundir nýttar. Þar af fóru 10 í beina sérkennslu eða kennslu í öðru móðurmáli en íslensku og 13 tímar í að vera með tvo kennara í bóklegum greinum á miðstigi sem var gert í staðinn fyrir hefðbundna sérkennslu fyrir hópinn. Þá voru skiptistundir notaðar til að skipuleggja verkgreinar í smiðjum og í áhugasviðsverkefni sem hvort um sig fær fjórar stundir á töflu nemenda í hverri viku. Nemendur unglingastigs fóru að auki í 4 kennslustundir á viku í valgreinar í Grunnskólann á Ísafirði.

[Skipulag kennslu](#)

Nemendur skólans voru lengst af 46 á yfirstandandi skólaári og er kennt í þremur bekkjardeildum. 1.-4. bekkur með 16 nemendur, 5.-7. bekkur með 16 nemendur og 8.-10. bekkur með 14 nemendur. Við skipulag skólastarfsins er lögð áhersla á að uppfylla skyldur samkvæmt viðmiðunarstundaskrá þrátt fyrir að það geti verið flókið þegar um svo fáa nemendur er að ræða. 1.-7. bekkur eru saman í verkgreinum sem eru skipulagðar sem smiðjur, þá fara nemendur í tilteknar vikur í hverja grein og skipta svo. 8.-10. bekkur tóku megnið af sínum valgreinum í Grunnskólanum á Ísafirði og fóru nemendur í val tíma þar á mánudögum og fimmtudögum. Það fyrirkomulag raskaðist þó á Covid tímanum. Sund var kennt í

námskeiðsformi á haust- og vorönn. Dans var fastur á stundaskrá nemenda einu sinni í viku og einnig söngstund. Haldin voru fjögur nemendaþing. Á fyrsta þinginu skilgreindu nemendur ýmis orð sem tengjast vinnu með Uppbyggingu sjálfsaga og flokkuðu þau eftir því hvort hegðun sem þau lýsa flokkist sem neikvæð eða jákvæð fyrir einstaklinga. Á öðru þinginu fengust nemendur við spurningar um hvað þeir teldu mikilvægast að læra í skólanum og hvernig skólinn gæti betur komið til móts við þá með vali á viðfangsefnum. Á þriðja þinginu var fjallað um jafnréttismál og þá kom Björg Sveinbjörnsdóttir jafnframt með fræðslu fyrir nemendur. Á fjórða og síðasta þinginu var svo fjallað um tækni í skólastarfi og lagt er til að niðurstöður þess þings verði nýttar sem grunnur að stefnu skólans í notkun á tækni í skólastarfi. Tilgangur þinganna er margþættur en fyrst og fremst að efla lýðræðiskunnáttu nemenda með því að fá þeim tækifæri til að tala saman og ná samkomulagi um atriði sem skipta máli í skólastarfinu. Áfram var unnið við áhugasviðsverkefni á mið- og elsta stigi sem nú var á dagskrá tvo tíma í senn tvisvar í viku. Ýmist lögðu kennarar upp ákveðið þema sem nemendur gátu mótað sér eigið verkefni innan eða að nemendur höfðu algjörlega frjálst val um hvað þeir gerðu. Þetta verkefni mælist vel fyrir hjá nemendum og lagt er upp með að fjölga þessum tímum í sex stundir á viku á næsta ári. .

Breytingar vegna sóttvarna

Ekki þurfti að gera miklar breytingar vegna sóttvarna þetta árið en skólanum var þó lokað í tvo daga fyrir páskafrí eins og öðrum skólum landsins. Þá féllu valtimar á Ísafirði niður um tíma þar sem ekki mátti blanda nemendum milli skóla. Þetta hafði einnig áhrif á ýmsar heimsóknir sem fyrirhugaðar höfðu verið en reynt var að bjóða flestar þeirra rafrænt þess í stað.

Samstarf heimila og skóla

Samstarf heimilis og skóla litaðist af sóttvarnafyrirmælum allt skólaárið þar sem beðið var um að heimsóknir fullorðinna í skólahúsnæði væru takmarkaðar eins og hægt væri. Haldin voru rafræn foreldraviðtöl sem tókust í flestum tilvikum mjög vel enda bæði foreldrar og nemendur að verða vanir slíkum vinnubrögðum. Í upphafi skólaárs komu foreldrar allra nemenda með þeim á markmiðsfund í skólanum, þar voru í sameiningu lagðar línur fyrir veturinn. Á degi íslenskrar tungu var foreldrum og öðrum gestum boðið á rafræna lestrarhátíð í skólanum en þátttaka var fremur dræm. Þá höfðu nemendur undirbúið upplestur og söng.

Um miðjan febrúar voru foreldraviðtöl sem að þessu sinni voru skipulögð af nemendum. Þar sýndu nemendur foreldrum sínum valin verkefni og útskýrðu hvað þeir höfðu verið að læra við vinnslu þeirra, þessi viðtöl voru rafræn.

Nokkuð oft var reynt að boða til fræðslufundar fyrir foreldra með sérstaka áherslu á það sem skilur að íslenskt skólakerfi og skólakerfi í Evrópu, þaðan sem margir foreldrar okkar nemenda koma. Einnig stóð til á þeim fundi að efna til skipulagðra samræðna meðal foreldra um réttindi og skyldur þeirra í skólastarfinu. Samið hafði verið við brúarsmiði Reykjavíkurborgar í málefnum innflytjenda um að vera með fræðsluna fyrir foreldra. Að lokum var svo hægt að halda fræðsluna, sem var á þremur tungumálum, þann 20.maí.

Heimsóknir

Hér verður reynt að gera grein fyrir helstu heimsóknum sem nemendur fóru í, viðburðum þar sem þeir voru þátttakendur og heimsóknum í skólann sem varða nám nemenda eða skipulag kennslu. Nemendur unglingastigs hófu skólaárið með því að ganga yfir Klofning. Lagt var af stað frá Stað og endað á Flateyri. Þegar til Flateyrar var komið var tekið á móti hressum unglingum með grilluðum pylsum. Miðstig byrjaði á haustdögum með því að fara í hjólaferð út í Staðardal og fengu að skella sér í berjamó í því landi.

Miðstig fékk líka heimsókn frá Árnastofnun og kynning og lestur upp úr gömlum handritum. Einnig var Ævar Vísindamaður með upplestur og kynningu á nýjustu bókinni sinni og átti gott spjall við nemendur um lestur. Sú kynning fór eingöngu fram í Zoom þar sem ströng sóttvarnarlög voru í gildi. Litla upplestrarkeppnin fór fram á Þingeyri um miðjan febrúar og fóru fimm drengir úr sjöunda bekk ásamt umsjónarkennara sínum þangað og fluttu ljóð og sögur af einstöku kappi og áhuga. Tveir nemendur frá Suðureyri voru valdir til að taka þátt í stóru upplestrarkeppninni á Ísafirði og var sú keppni í byrjun mars og lenti keppandi frá okkur í öðru sæti þar.

Norræna skólahlaupið var á sínum stað í október og tóku allir nemendur skólans þátt í keppninni og hlupu þrjár vegalengdir sem voru í boði. Hlauparar sigruðu sjálfa sig og það vel og var þetta vel lukkaður dagur í alla staði.

Þrjú lestrarátök voru haldin á miðstigi á vetrinum og áttu nemendur meðal annars að safna límmiðum/ Among-us og poppbaunum og voru haldnar uppskeruhátíðir í formi pizzaveislu, spilaveislu og poppveislu í lok hvers átaks. Þá fékk miðstig einnig sérstaka fræðslu um ADHD og skyldar raskanir frá Petru Hólmgrímsdóttur sálfræðingi.

Ársskýrsla Grunnskólans á Suðureyri
2020-2021

Þemaverkefni um Ísland var haldið eina viku í mars, viðfangsefnið var Ísland, staðir, menning, frægt fólk og fl. Hugmyndin var að halda sýningu fyrir foreldra í lok verkefnis en þá var skellt í lás í nokkra daga vegna hertari sóttvarna.

Hópurinn VáVest ásamt Magnúsi Stefánssyni var með fyrirlestur á Zoom í apríl fyrir nemendur og forsvarsmenn Miðju máls og læsis heimsóttu okkur í maí og voru með fræðslu fyrir nemendur, starfsfólk og foreldra.

Miðstig fór í tvær vorferðir síðustu daga skólaársins, önnur var ferð til Þingeyrar að skoða skólann og leika við miðstigið þar þar sem okkur var boðið í bátsferð með Articfish að skoða kvíarnar þeirra í Dýrafirði og hin vorferðin var hjólaferð út í Selárdal frá Botni og hefðum við ekki geta verið heppnari með veður þessa daga. Síðasti skóladagurinn 2.júní fór svo í tiltekt á skólalóð, leiki og grill!

7. september var list fyrir alla. Allir nemendur skólans fóru til Ísafjarðar á sýningu í íþróttahúsinu. Einnig var farið í heimsókn á bókasafnið og ljósmyndasýning skoðuð í Edinborg.

Stelpurnar í 9. bekk tóku þátt í viðburðinum „Stelpur og tækni“ sem Háskólinn í Reykjavík bauð til og var rafrænn að þessu sinni.

10.bekkur fór einnig á kynningu í Menntaskólanum á Ísafirði og á vordögum fór unglingastigið á kajak á Lóninu, nemendur hoppuðu í sjóinn, hjóluðu til Ísafjarðar og prófuðu bogfimi.

Yngsta stig fór í heimsókn til Ísafjarðar en þar var farið að skoða Dúkkusafnið hennar mömmu. Einnig var kíkt í heimsókn á Þórustaði þar sem nemendum stóð til boða að fara á hestbak. Elstu nemendur leikskólans fóru einnig með í þessa ferð eins og vant er.

Undir vor fengum við svo heimsókn frá Umboðsmanni barna og starfsmönnum hans, þeir voru með kynningar og samræðufundi með nemendum í öllum námshópum.

Starfsmenn áttu einnig í bæði formlegu og óformlegu samstarfi, sameiginlegur starfsdagur litlu skólanna var haldinn á Flateyri, þar var haldið skyndihjálparnámskeið og haldinn var fyrirlestur um samskipti við foreldra af erlendum uppruna. Kennarar frá okkur tóku einnig þátt í ýmsum námskeiðum sem í boðið voru í fjarfundum og ákveðið hefur verið að allir skólar á norðanverðum Vestfjörðum sameinist um þróunarverkefni við að innleiða Leiðsagnarnám í starf sitt.

Markmið og stefna

Skólanámskrá skólans var endurskoðuð af starfsmönnum á liðnu hausti. Einkunnarorð Grunnskólans á Suðureyri eru „ástundun, árangur, ánægja“. Grunnskólinn á Suðureyri starfar samkvæmt Grunnskólalögum nr. 91/2008, Aðalnámskrá grunnskóla 2013 og skólastefnu Ísafjarðarbæjar með gildin; virðing, ábyrgð, metnaður og gleði að leiðarljósi.

Stefna Grunnskólans á Suðureyri

Að:

- fylgja markmiðum aðalnámskrár grunnskóla,
- skólinn sé öruggur og aðlaðandi vinnustaður fyrir nemendur og starfsfólk þar sem þeim líður vel
- koma til móts við þarfir hvers og eins nemanda, vekja áhuga þeirra á námi og efla sjálfsvirðingu þeirra,
- nemendur borði hollan og góðan mat og stuðla að aukinni hreyfingu nemenda,
- vinna að góðum samskiptum skóla og heimila.

Starfsmarkmið skólaársins 2019-2020

Læsi, orðaforði og framfarir í námi

Lögð verði áhersla á lestur í öllum námshópum og nemendum kenndar leiðir til að efla lesskilning sinn.

Leiðir:

- Allir dagar hefjist á yndislestri þar sem kennarar lesi með nemendum.
- Haldnar verði bókmenntakynningar í öllum námshópum þar sem starfsmenn, foreldrar og nemendur segja frá sinni uppáhaldsbók.
- Nemendur búi til sína eigin orðabók með orðum sem þeir hafa lært á tilteknum tíma.
- Vinna nemenda með orðaforða í öllum námsgreinum verði gerð sýnileg á veggjum skólans.
- Lestrarhátíð Suðureyrar verði haldin 16.nóvember.
- Unnið verði með framsögn í tengslum við skil nemenda á áhugasviðsverkefnum.
- Markmið náms og matsviðmið verði útskýrð reglulega fyrir nemendum og foreldrum og nemendur hvattir til að setja sér einstaklingsbundin markmið.

Mat: Farið verður yfir þau atriði sem hægt er að staðfesta að hafi verið unnin að öðru leyti verður tekið mið af viðmiðum Menntamálastofnunar í lesfimi, niðurstöðum samræmdra

könnunarprófa, mati kennara á vinnu með orðaforða og markmiðsvinnu nemenda. Lokamat verður gert í júní 2021.

Skapandi starf

Lögð verði áhersla á að nemendum gefist tækifæri til að beita skapandi hugsun við sem flest tækifæri í skólastarfinu.

Leiðir:

- Í kennsluáætlunum allra greina birtist að minnsta kosti eitt útiverkefni og eitt verkefni sem býður upp á skapandi starf nemenda.
- Í kennsluáætlunum mið- og unglingastigs birtist að minnsta kosti eitt verkefni þar sem nemendur hafa val um hvernig skal skila úrlausn.
- Áfram verði unnið með áhugasviðsverkefni með nemendum 5.-10.bekkjar.

Mat: Farið verði yfir kennsluáætlanir á haust og vorönn. Nemendur og kennarar leggi mat á vinnu við áhugasviðsverkefni. Lokamat vegna áhugasviðsverkefnis verður gert með nemendum og starfsmönnum í maí 2021. Mat á verkefnum úr kennsluáætlunum verður gert á starfsmannafundi í júní.

Ábyrgð á eigin líðan, samskipti og vinátta

Lögð verði áhersla á að nemendur skilji hvernig þeir geta haft áhrif á eigin líðan og kunni leiðir til að takast á við vanlíðan.

Leiðir:

- Unnið verði með grunnþarfir Uppbyggingar í öllum hópum.
- Bekkjarsáttmáli verði unninn í öllum bekkjum í september og endurmetinn á vorönn.
- Sáttaleið Uppbyggingar til að leysa úr ágreiningi verði kennd á miðstigi.
- Einnig verði unnið markvisst með önnur verkfæri Uppbyggingar eins og hegðunarbílinn á miðstigi og óskaveröldina á unglingastigi.
- Fræðsla um einelti verði í öllum námshópum í september, desember og mars.

Mat: Niðurstöður úr könnunum Skólapúlsins og samantekt úr viðtölum námsráðgjafa. Á matsfundi í nóvember verði farið yfir hver af þessum atriðum teljast unnin og gerð tímasett áætlun til úrbóta ef þeim er ekki lokið.

Lýðræði, mannréttindi og jafnrétti

Lýðræðisleg vinnubrögð verði samofin skólastarfinu á öllum stigum sem felur meðal annars í sér að auka skilning nemenda á lýðræðislegum ferlum og efla samræðufærni þeirra.

Leiðir:

- Haldin verði 3-4 nemendaþing á skólaárinu, þar af eitt um jafnrétti. Niðurstöður þinganna verði kynntar öllum í skólasamfélaginu og gerðar sýnilegar í skólanum.
- Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna verði kynntur í öllum námshópum.
- Nemendum verði boðið að velja á milli verkefna eins oft og mögulegt er.
- Unnið verði með hugtök sem tengjast lýðræði og jafnrétti í öllum námshópum og þau skilgreind.
- Unglingastig læri um sögu jafnréttisbaráttu kynjanna og jafnrétti í víðara samhengi.

Mat: Fjöldi nemendaþinga og samræðuefni verði skráð. Hugtakavinna verði sýnileg. Mat á vali nemenda fari fram á starfsmannafundum í janúar og maí.

Þróunarverkefni skólans „Náum betri árangri saman”

Verkefnið felur í sér orðaforðakennslu, samþættingu námsgreina og eflingu foreldrasamstarfs. Leiðir vegna orðaforðakennslu og samþættingar hafa þegar komið fram. Í foreldrasamstarfi verður lögð áhersla á að auka þekkingu foreldra á réttindum og skyldum í tengslum við skólastarf, kynna þeim verkefni og matsviðmið og að auðvelda heimsóknir foreldra í skólann.

Leiðir:

- Fræðslufundur um réttindi og skyldur foreldra verði haldinn í september og annar um læsi og þátt foreldra í námi á vorönn.
- Helstu verkefni og matsviðmið verði kynnt í foreldraviðtali við upphaf skólaárs.
- Foreldrar verði beðnir að koma í heimsókn og kynna áhugamál eða vinnu sína.
- Allir námshópar bjóði foreldrum á að minnsta kosti eina kynningu á verkefnum nemenda.
- Einu foreldraviðtali vetrarins verði stýrt af nemendum.

Mat: Stuðst verður við niðurstöður úr foreldrakönnun Skólapúlsins og eigin könnun skólans á viðhorfi foreldra til verkefnisins.

Starfsmannahópurinn

Mikilvægt er að upplýsingaflæði sé gott og að gætt sé fyllsta öryggis, að starfsmenn hafi tækifæri til að leita stuðnings hver hjá öðrum um málefni sem varða kennslu og að starfsmenn séu meðvitaðir um ábyrgð á eigin heilsu.

Leiðir:

Ársskýrsla Grunnskólans á Suðureyri 2020-2021

- Gerð verði áætlun fyrir skólann um móttöku og eftirfylgni við nýliða í starfi – ábyrgð JB, SpÓ og EBM þessu verði lokið fyrir áramót 2020-2021. **Ekki búið.**
- Gert verði áhættumat fyrir vinnustaðinn samkvæmt stöðlum vinnueftirlitsins – ábyrgð öryggistrúnaðarmaður, AJH og JB - þessu verði lokið í september 2020.
- Útbúin verði heilsustefna skólans. Ábyrgð JB, EBM og SHS. Þessu verði lokið fyrir áramót 2020-2021 **Ekki búið**
- Upplýsingar verði skrifaðar á töflu á starfsmannasvæði daglega.
- Starfsmenn muni eftir að upplýsa hver annan um atvik sem upp koma og geta haft áhrif á vinnu í næstu kennslustundum eða í frímínútum.
- Almennar tilkynningar verði settar inn á workplace-hóp starfsmanna og á skóladagatal í outlook.
- Stundatafla sé skipulögð þannig að hún bjóði upp á samvinnu starfsmanna.

Mat: Árangur metinn í janúar og maí.

Starfsmarkmiðin voru metin með reglulegum hætti yfir skólaárið og þau þeirra semenn hafa ekki verið unnin eru merkt með rauðu.

Kennsla og skipulag bekkjardeilda

Nemendum skólans er kennt í þremur bekkjardeildum í öllum kennslustundum nema í verkgreinum. Sérstök móðurmálskennsla er í tælensku og pólsku og fer hún fram eftir að annarri kennslu lýkur.

Yngsta stig

Á yngsta stigi voru 16 nemendur. Í fyrsta bekk voru 3 nemendur, 9 í 2. bekk og 2 í 3. bekk og 2 í 4. bekk. Í apríl bættist við 1 nemandi í 2. bekk. Kynjaskipting var 8 stelpur og 8 strákar. Umsjónarkennari yngsta stigs var Vilborg Ása Bjarnadóttir. Auk hennar kenndu Jóhannes Aðalbjörnsson, Ólöf Birna Jensen, Sara Hrund Signýjardóttir, Sigurrós Eva Friðjónsdóttir og Jóna Benediktsdóttir og Krístrún Linda Jónasdóttir stuðningsfulltrúi var einnig með hópnum í flestum kennslustundum.

Helstu námsgreinar og viðfangsefni



*Nemendur og starfsmenn
yngsta stigs við
bekkjarsáttmálann sinn*

Íslenska

Unnið var út frá Byrjendalæsi í fyrsta og öðrum bekk og lögð var áhersla á stafainnlögn og orðaforða. Í þriðja og fjórða bekk var talsverð verkefnavinna meðfram vinnu í námsbókum. Tvisvar yfir veturinn var unnið aukalega með lestur með því að taka lestrarátök. Unnið var með helstu atriði íslenskunnar svo sem sérhljóða, nafnorð, stafrófsröð, stóra stafi og litla stafi, eintölu og fleirtölu og lesskilning. Einnig var farið í verkefni í tengslum við aukinn orðaforða nemenda með því að vinna með orð sem tengdust sögu vikunnar. Orðin voru sett upp á vegg og rifjuð upp reglulega. Einnig notuðu nemendur þau í ýmsa vinnu svo sem í sögugerð og að raða í stafrófsröð. Undir vorið var unnið með 1nýtt orð á hverjum degi. Lögð var áhersla á ritun í vetur þar sem kennari tók þátt í að staðla ritunarramma sem er væntanlegur frá Menntamálastofnun. Því var ritun tekin markvissari og nemendur lærðu ólíkar textagerðir s.s. upplýsandi texta, sannfærandi texta og skáldaðan texta.

Stærðfræði

Nemendur unnu með aldursmiðað efni, það er stuðst var við þær bækur sem stílað er inn á fyrir hvern árgang og notast var við *Sprota 1a og b, 2a og b, 3a og b. 4a og b*. Einnig var annað efni notað þegar ástæða þótti til. Spilahringekja, bingó og fimmmínu-kubbar voru notuð yfir veturinn. Stærðfræðileikir á mms.is voru einnig nýttir til þess að hafa sem mesta fjölbreytni. Einnig var farið yfir þann orðaforða sem tengist stærðfræði svo sem fleiri, færri, stærri, minni, jafnt og, samlagning og frádráttur.

Lífsleikni

Í lífsleikni var unnið með umferðarfræðslu og stuðst var við efni af síðunni umferd.is. Einnig var unnið með Uppbyggingarstefnuna en þar var farið yfir þarfirnar og hlutverk nemenda og kennara. Einnig hegðunarbílinn. Að sjálfsögðu var gerður bekkjarsáttmáli sem unnið var með reglulega yfir veturinn. Bekkjarfundir voru haldnir.

Samfélagsfræði

Komdu og skoðaðu Fjöllin og *Komdu og skoðaðu landakort* voru bækur sem unnið var með í samfélagsfræði. Var lögð áhersla á skapandi vinnu nemenda en allir gerði sitt eigið fjall. Nemendur lærðu áttirnar, að lesa úr korti og átta sig á í hvaða átt þeirra hús er út frá skólanum. Einnig mismunandi sjónarhorn. Vilborg Ása Bjarnadóttir og Ólög Birna Jensen skiptu með sér kennslunni í samfélagsfræði.

Náttúrufræði

Unnin voru ánægjuleg og fjölbreytt verkefni með áherslu á dýr og tækni. Námið var blýants- og blaðalaust, en krafðist töluverðrar samvinnu á milli nemenda auk eigin ígrundunar. Notast var við bækurnar *Grænu skrefin* og *Komdu og skoðaðu - tæknina*.

Íþróttir

Í íþróttum var lögð áhersla á samvinnu, jákvæðni, samkennd, samskipti, aga, þol og styrktarþjálfun og grunnhreyfifærni. Einnig var lagður grunnur að lýðræðislegum vinnubrögðum nemenda í íþróttum.

Upplýsingatækni

Farið í grundvallaratriði við notkun tölva og hvernig þær eru notaðar í tengslum við Netið. Einnig var fengist við upplýsingaöflun af Netinu og framsetningu þeirra með viðeigandi hugbúnaði og prentun.

Miðstig

Hópurinn taldi 16. nemendur við upphaf skólaárs, 11 drengir og 5 stúlkur. Í 5. bekk voru tveir drengir og tvær stúlkur. Í 6. bekk voru 4 drengir og 3 stúlkur, í sjöunda bekk voru 5 drengir. Umsjónarkennari miðstigs var Edda Björk Magnúsdóttir. Aðrir kennarar sem kenndu hópnum voru Jóhannes Aðalbjörnsson, Bryndís Birgisdóttir, Sigmar Þór Óttarsson, Aldís Jóna Haraldsdóttir, Sara Hrund Signýjardóttir, Vilborg Ása Bjarnadóttir, Eva Friðþjófsdóttir, Einar Mikael Sverrisson og Jóna Benediktsdóttir.

Helstu námsgreinar og viðfangsefni

Íslenska

Í íslensku var lögð áhersla á fjölbreytt viðfangsefni og var náminu skipt upp í bóklega vinnu og verkefnavinnu ýmiskonar. Sérstök áhersla var á ritunarhæfni, tjáningu og lesskilning. Bækur sem notast var við voru t.d. *Orðspor 1,2 og 3*, *Smellur 1,2 og 3*, *Skinna* og *Skrudda*, *Ás og Tvistur*, *Smellur 1 og 2*, *Dagbókin mín 1, 2 og 3*, *Mál í mótun*, lestrarbækur, valbækur af bókasafni, ljóðabækur, efni af Skólavefnum og 123.skóli, ýmis verkefnahefti, sögubækur og skrifarbækur. Einnig var efni af Krakkaruv notað til stöðugar þjálfunar í flutningi.

Stærðfræði

Grunnnámsefni voru kennslubækurnar Stika A og B fyrir alla árganga og viðbótarefni var útbúið af kennurum eftir þörfum. Mikil áhersla var lögð á vinnubrögð og vinnulag og fengu nemendur vikulegt mat í mentor vegna þess.

Náttúrufræði

Til grundvallar voru kennslubækurnar *Hreint haf* og *Auðvitað – jörð í alheimi*. Gerðar voru tilraunir og verkefni í bókunum unnin. Spjaldtölva var notuð óspart bæði við skráningar og upplýsingaöflun. Einstaklingsmiðað nám með leiðsagnarmati til styrkingar á eðlilegri námframvindu og góðum árangri.

Samfélagsfræði

Allt miðstigið var í þessum áfanga 4.-6. bekkur samtals 16. nemendur. Alls 3. stundir á viku. Fyrir annarskipti var farið í *Sögueyjan 1* og *Í Ásgarði* og seinni annarskipti *Sögueyjan 2* og *Hugrún*.

Enska

Kennarar voru tveir við kennsluna. Í þessum áfanga voru nemendur 5.- 7. bekkjar, samtals sextán nemendur. Nemendahópnum var skipt í tvennt og hvorum hóp fyrir sig kennt tvisvar í sinni stofu með öðrum hvorum kennaranum. Einu sinni í viku var öllum hópnum kennt saman. Skipt var í námshópa þvert á aldur út frá stöðu hvers og eins. Notast var við námsefnið: Portfolio, Action, Ready for action og Texts and Tasks auk ýmissa verkefna sem voru útbúin af kennurum eða fengin að láni af Netinu. Sjá nánar um námsefni í skjalinu Lesið og kennt.

Danska

Í dönsku voru nemendur 5. og 6. Og 7. bekkjar, einungis kennd ein kennslustund á viku. Grunnkennsluefnið var *Start*, les- og verkefnabók. Ásamt dönsku sjónvarpsefni, myndum, spilum og fl. Paravinna og hópvinna var notuð bæði í bóklegri vinnu og verkefnavinnu. Unnið með grunnþættina hlustun, ritun og orðaforða.

Íslenska II

Í þessum námshópi voru nemendur sem þurfa auka stuðning í íslensku og eru ekki í dönsku. Farið var í grunnorðaforða sem menntamálastofnun telur að nemendur eigi að kunna við sex

ára aldur, unnið var með orðinn á mismunandi vegu en alltaf í gegnum leik eða einhverskonar skemmtun.

Lífsleikni

Í lífsleikni var lögð áhersla á lýðræðisleg vinnubrögð, samtal bekkjarfélaga, samvinnuverkefni og umræður um vinsamlega hegðun og samskipti. Farið var ofan í saumana í *Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna* og bæklinginn *Réttindi mín*. Haldnir voru bekkjarfundir eftir þörfum. Haldið var eitt bekkjakvöld eftir áramót þar sem farið var í ýmsa leiki, spilað, dansað og sagðar draugasögur. Bekkjakvöld sem átti að vera í október féll niður vegna Covid-19.

Íþróttir

Í íþróttum var lögð áhersla á samvinnu, jákvæðni, samkennd, samskipti, aga, þol og styrktarþjálfun og grunnhreyfifærni. Einnig var lagður grunnur að lýðræðislegum vinnubrögðum nemenda í íþróttum.

Upplýsingatækni

Þessir tímar voru tvískiptir og í öðrum hlutanum var eingöngu unnið með spjaldtölvur þar sem áhersla var á að kynna fyrir nemendum forrit sem þau gætu nýtt sér við verkefnaskil í tengslum við verkefni í öðrum áföngum. Með það að markmiði að nemendur geta nýtt tölvurnar á markvissan hátt í námi sínu. Hinn hlutinn sneri að forritun þar sem áhersla var á rökhugsun og seiglu nemenda.

Elsta stig

Í elsta hóp eru 14 nemendur, 6 drengir og 8 stúlkur. Þar er samkensla þriggja árganga og eru 2 nemendur í 8. bekk, 6 nemendur í 9. bekk og 6 nemendur í 10. bekk. Umsjónarkennari elsta hóps er Bryndís Ásta Birgisdóttir. Aðrir kennarar sem koma að kennslu hópsins eru: Jóhannes S. Aðalbjörnsson, Sara Hrund Signýjardóttir og Ólöf Birna Jensen. Stuðningsfulltrúi er Arnheiður Svanbergisdóttir. Sérkennari er Vilborg Ása Bjarnadóttir. Nemendur í 8. – 10. bekk fóru í valgreinar í Grunnskólanum á Ísafirði.

Helstu námsgreinar og viðfangsefni

Íslenska

Unnið er út frá Aðalnámskrá grunnskóla. Námsfni kemur því úr ýmsum áttum en grunnefni er *Útbrot, Neistar, Málvísir og Málfræðiskammtar Skólavefsins 1. -2. hefti*. Ýmsar bókmenntabækur eru notaðar ásamt ljóðabókum og tilfallandi verkefnum. Fjölbreyttir kennsluhættir eru notaðir til dæmis hópinnlagnir, verklegar æfingar, innlifun og tjáning, hópvinna og sjálfstæð skapandi vinna. Námsmat er símat og könnunarpróf í lok kafla ásamt verkefnavinnu.

Stærðfræði

Teknir eru fyrir námsþættir úr Aðalnámskrá grunnskóla. Námsfni sem hentar í hvert sinn er tekið úr *Skala 1 – 3, Almennri stærðfræði I – III* og efni af vef. Allir bekkirnir fóru í fjármálafræðslu og fengu fræðslu um réttindi sín á vinnumarkaði hjá Finnboga Sveinbjörnssyni formanni Verkvest. Ýmsir kennsluhættir eru notaðir t.d. hópinnlagnir, verklegar æfingar og sjálfstæð skapandi vinna. Námsmat er símat og könnunarpróf í lok kafla ásamt verkefnavinnu.

Náttúrufræði

Bækurnar *Eðlisfræði 2 og Erfðir og þróun* voru lagðar til grundvallar kennslu í vetur. Gerðar voru tilraunir og verkefni í bókum unnin. Spjaldtölva var notuð óspart bæði til að skrá inn á og til að afla sér upplýsinga um viðfangsefnið. Einstaklingsmiðað nám með leiðsagnarmati til styrkingar á eðlilegri námframvindu og góðum árangri.

Samfélagsfræði

Aðalnámsfni skólaársins er námsfnið *Um víða veröld jörðin og Sögueyjan 3. hefti*. Áfram var unnið í *Mannréttindasáttmála Sameinuðu þjóðanna* í gegnum Erasmus+ verkefni ásamt nemendum í 10. bekk í Grunnskólanum á Ísafirði og skólum í Svíþjóð, Hollandi, Grikklandi og Búlgaríu. Ýmsir kennsluhættir eru notaðir t.d. hópinnlagnir, verklegar æfingar, hópavinna og sjálfstæð skapandi vinna. Námsmat er símat og verkefnavinna.

Enska

Til grundvallar náms voru bækurnar *Spotlight, Move on, Go for it og Texts & task*. Netíð var óspart nýtt til þjálfar nemendur í ensku og þær bjargir sem þar er að finna í námi um enska tungu. Einstaklingsmiðað nám með leiðsagnarmati til styrkingar á eðlilegri námframvindu og góðum árangri.

Danska

Í dönsku var unnið með lesskilning, hlustun, ánægju af dönsku, áhorf á leikið efni, skoðanamyndun og sjálfstraust og tjáningu. Unnin voru ritunarverkefni sem tengdust áhorfi á danska unglingaþætti, Mörket mellem os. Viðamikilið prófverkefni var unnið í lokin á þeirri lotu sem nemendur unnu í þorum. Einnig voru nemendur prófaðir í tjáningu á dönsku sem var að hluta til undirbúin og að hluta óundirbúin. Hefðbundið námsefni var eftirfarandi: 8.bekkur vann í Smart, lesbók og vinnubók, 9.bekkur vann í Dejlige Denmark, lesbók og vinnubók og 10.bekkur vann í Smil, lesbók og vinnubók.

Lífsleikni

Í lífsleikni var unnið með líðan og tilfinningar ásamt samskiptum. Mannréttindi voru nokkuð stór þáttur á þessu skólaári. Fundarskóp voru æfð. Notaðar voru samræður, innlagnir og hópavinna. Námsmat er símat.

Upplýsingatækni

Mikil áhersla var lögð á notkun spjaldtölvna til að nemendur séu færir á námstækin sem skólinn býður upp á og geti nýtt þær við fjölbreytta vinnu í námi sínu. Einnig var sérstök áhersla á heimildaskráningu, 3D vinnslu og Google forrit eins og sheets, sites, slides og docs.

Íþróttir

Í íþróttum var lögð áhersla á einstaklingsbundna þol og styrktarþjálfun, markmiðasetningu, hópleiki og hófefli, samskipti og verkefni sem miðuðu að því að auka sjálfstæði nemenda. Unnin voru lýðræðisleg verkefni sem höfðu það að markmiði að auka metnað og áhuga nemenda.

Smiðjur

Verk- og listgreinar voru kenndar í fimm hópum nemenda 1.-7. bekkjar. 1., 3. og 4. bekkur voru saman, 2., 5., 6. og 7. bekkur voru allir sér. Þetta helgast af stærð nemendahópa og aðstöðu í kennslurýmum. 2.-4. bekkur voru saman, 5. bekkur sér og 6. og 7. bekkur saman. Hver hópur fékk 16-18 stundir í hverju viðfangsefni. Í þessum tímum fengust nemendur við hefðbundin verkefni sem tilheyra smíði og hönnun, textíl, heimilisfræði, leiklist, sjónlistum og að auki voru nemendur yngsta stigs í smíðju sem kallaðist upplifun, en þar var lögð áhersla

Ársskýrsla Grunnskólans á Suðureyri 2020-2021

á upplifun í gegnum útiverkefni. Nemendur 8.-10. bekkjar sóttu sínar verk- og listgreinar að mestu í Grunnskólann á Ísafirði, en allir nemendur voru þó í Fablab kennslu á vegum GS.

Textíll

Farið var í grunnþekkingu í textíl, hvernig á að nota tæki og tól hverju sinni. Aðallega var farið í þæfingu, smyrn og þrjánað bæði með þrjónum og loom hringjum.

Heimilisfræði

Farið var í grunnþekkingu í heimilisfræðum, borðsiði, hvernig á að fara eftir einföldum uppskriftum, nota áhöld sem eru í eldhúsum, lesa á umbúðir, flokka sorp og þekkja helstu hættur í umhverfinu.

Smíði og hönnun

Unnin voru margvísleg verkefni í tré með áherslu á sköpun með listrænu ívafi. Áhersla var lögð á verk hæfni og að nemendur gætu unnið verkefni sín frá grunni það er gerðu sér grein fyrir verkferlinu frá teikningu til smíðisgripa.

Myndbandagerð

Farið var í helstu aðferðir myndsköpunar, orðaforða tengdum viðfangsefnum og gerð bæði tvívíð og þrívíð verk. Hver hópur fékk að kynnast einum listamanni og gera verkefni í hans anda.

Upplifun

Í þessum áfanga var verið að leggja áherslu á að nemendur upplifðu nærumhverfið sitt og náttúruna sama hvernig viðraði. Helstu viðfangsefni voru gönguferðir, tínsla á Birkifræjum, tálga greinar, útiöldun og blómakassa smíði

Leiklist

Farið var í undirstöðuatriði spuna og tjáningar og æfð framsögn.



Áhugasviðsverkefni

Áhugasviðsverkefni er verkefni nemenda í 5.-10. bekk. Tímarnir eru á þriðjudögum og föstudögum, þá vinna nemendur að verkefnum sem þeir skipuleggja að mestu sjálfir. Ýmist er unnið innan ákveðins þema sem kennarar leggja til eða að nemendur hafa algjörlega frjálst val um viðfangsefni. Efnistöð og skil eru skipulögð af nemendum og kennurum til skiptis. Eftir því sem leið á veturinn öðluðust bæði nemendur og

*Sjálfsmat nemenda við yfirfærslu á
lykilhæfni.*

starfsmenn meiri færni í að skipuleggja verkefni og tengja þau markmiðum aðalnámskrár. Nemendur voru yfirleitt mjög áhugasamir og vinnugleði þeirra mikil í þessum verkefnum. Verkefnið er hluti af þróunarverkefni skólans og hefur meðal annars það markmið að efla ábyrgðartilfinningu nemenda fyrir eigin námi, sjálfstæði þeirra og verkfærni. Oft skila nemendur verkefnum sínum rafrænt og var gerð heimasíða til að halda utanum verkefni.

Valgreinar

Nemendur 8.-10.bekkjar sóttu fjórar kennslustundir á viku í valgreinum í Grunnskólann á Ísafirði. Þar er mikið framboð af greinum og var val nemenda einstaklingsbundið. Á mánudögum ferðuðust nemendur alfarið með almenningssamgöngum en á fimmtudögum sá skólinn þeim fyrir ferð til Ísafjarðar og þeir tóku svo almenningssamgöngur heim.

Miðvikudagsval

Þetta var ein kennslustund á viku. Nemendur völdu hvað þá langaði til að prufa að gera og voru þetta því fjölbreytt verkefni. T.d. bakað, eldað, saumað út, spjallað, kóðað og námsaðstoð. Kennari var Bryndís Ásta Birgisdóttir, umsjónarkennari unglingastigs.

Samræmdar mælingar


Skólum bjóðast ýmsar samræmdar mælingar og hér verður gerð grein fyrir þeim helstu sem við höfum tekið þátt í með einum eða öðrum hætti.

Samræmd könnunarpróf JB

Menntamálastofnun leggur fyrir könnunarpróf í íslensku og stærðfræði í 4. og 7. bekk og í íslensku, stærðfræði og ensku í 9.bekk. Nemendur skólans hafa undanfarin ár verið færri en 10 í árgöngum og því eru meðaltalstölur hvers árs ekki birtar heldur meðaltal raðeinkunna síðustu fimm ára. Samræmt próf var í fyrsta sinn lagt fyrir í 9.bekk árið 2016 og árið 2017 urðu alvarleg tæknimistöð hjá Menntamálastofnun við fyrirlagningu og aftur nú í ár svo ekki verður til grunnur til að búa einkunnir 9.bekkjar til birtingar fyrr en í fyrsta lagi árið 2024. Skólinn getur samt sem áður byggt mat sitt á námsárangri á árangri nemenda á þessum prófum. Hér má sjá meðaltals raðeinkunnir nemenda í 4. og 7.bekk í íslensku og stærðfræði

Ársskýrsla Grunnskólans á Suðureyri
2020-2021

síðustu ár og sjá má að árangur hefur farið vaxandi, þó minnst í íslenski í 7.bekk og gefur það vísbendingar að með breyttum kennsluháttum verði hægt að auka árangur nemenda í íslensku.



Lesferill

Á vef Menntamálastofnunar má fá lesfimiþróf sem lögð eru fyrir í flestum skólum landsins. Prófin eru lögð fyrir þrisvar á skólaárinu og fær skólinn niðurstöður sínar bornar saman við niðurstöður allra annarra sem taka prófin. Sett eru fram þrjú viðmið fyrir hvern árgang, það er lágmarksviðmið sem gert er ráð fyrir að allir nemendur nái, meðaltalsviðmið sem gert er ráð fyrir að flestir nemendur nái og svo efsta viðmið sem aðeins vel læsir nemendur ná. Ekki er hægt að birta yfirlit skólans þar sem nemendur í hverjum árgangi eru fáir og mögulegt að lesandi geti áttað sig á stöðu einstaklinga. Niðurstöður skólans hafa ekki verið ásættanlegar í þessum mælingum, þrír árgangar hafa þó bætt stöðu sína verulega milli ára og er það vel að öðru leyti endurspeglast vinna með lestur og læsi í starfsmarkmiðum skólans. Skólasviði Ísafjarðarbæjar hefur verið gerð grein fyrir niðurstöðunni.

Aðkeypt þjónusta

Skólinn fær sérfræðiþjónustu frá Skóla- og tómstundasviði Ísafjarðarbæjar varðandi greiningar og stuðning við nemendur og starfsfólk. Keypt er túlkajónusta fyrir foreldrafundi og fundi með sérfræðingum ef þörf er á. Einnig höfum við keypt akstur fyrir nemendur vegna sameiginlegra viðburða skólanna í bæjarfélaginu, valgreina sem nemendur fara í á Ísafirði og annarra ferða á vegum skólans.

Sjálfsmat

Í 35. og 36. gr. VIII kafla í lögum um grunnskóla nr. 91/2008 er kveðið á um að hver skóli skuli meta árangur og gæði skólastarfsins. Starfsfólk Grunnskólans á Suðureyri hefur unnið að sjálfsmati skólaárið 2020-2021. Í skólanum er matskerfið „Gæðagreinar“ notað við flesta matsþætti, allir starfsmenn vinna saman að matinu í skipulögðum gagnrýnum samræðum og í sumum matsþáttum taka nemendur einnig þátt. Einnig er stuðst við niðurstöður úr könnunum Skólapúlsins, könnunum sem við gerum sjálf eða látum gera, niðurstöðum starfsmannasamtala og niðurstöður úr samræmdum könnunarprófum og lesferilsprófum Menntamálastofnunar við sjálfsmatið. Í vetur voru unnin fjögur matsverkefni sem nánar er lýst í matsskýrslu skólans. Helstu niðurstöður matsins voru notaðar til að búa til umbótaáætlun næsta skólaárs og við að setja starfsmarkmið fyrir skólaárið 2021-2022.

Viðhald og viðhaldsþörf

Á sumarmánuðum 2019 voru miklar framkvæmdir í skólahúsnæðinu en síðan þá hefur lítið verið gert. Enn eru rakaskemmdir í húsnæðinu sem á áætlun hefur verið að lagfæra bæði í stofu yngsta stigs og í geymslu þar við hliðina. Þessar framkvæmdir eru algjörlega nauðsynlegar.

Aðkallandi eru eftir sem áður lagfæringar á salernum, heimilisfræðiaðstöðu, í anddyri og á kaffistofu og vinnusvæði kennara. Æskilegt væri að opna milli tveggja stofa á efri hæð og setja þar rennihurð.

Samstarf við nærsamfélagið

Súgfirðingar standa vel við bakið á skólanum og sýna það í verki með margvíslegum hætti og öll fyrirtæki á svæðinu styðja dyggilega við félagslíf nemenda.

Ekki hefur gengið sem skyldi við að fá ráðgjöf við að koma steinasafni skólans í sýningarhæft ástand þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir en skólinn fékk vorið 2019 peningagjöf frá Þóru Þórðardóttur sem nota skal í þetta verkefni. Kvenfélagið Ársól og Klofningur hafa veitt skólanum margvíslegan fjárstyrk á yfirstandandi ári eins og áður.

Samstarf við leikskólann Tjarnabæ gekk samkvæmt áætlun þrátt fyrir Covid. Nýnemar fór í heimsókn í leikskólann í haust og elstu nemendur leikskólans komu í heimsóknir í skólann en það skipulag raskaðist þó nokkuð vegna sóttvarnafyrirmæla. Einnig hafa skólarnir sameinast um ferðir á viðburði og vorferð yngsta stigs grunnskólans og elstu nemenda leikskólans var sameiginleg. Samstarf við Tónskólann hefur verið með ágætum, hljóðfæranám fer fram í skólanum bæði fyrir og eftir hádegi, sumir nemendur eru teknir út úr kennslustundum til að fara í hljóðfæratíma en aðrir fara eftir að annarri kennslu lýkur.

Lokaorð

Margskonar utan að komandi þættir höfðu töluverð áhrif á skólastarfið á yfirstandandi skólaári og urðu til þess að ekki hefur verið hægt að halda áætlunum í ýmsum verkefnum, þar

Ársskýrsla Grunnskólans á Suðureyri
2020-2021

á meðal þróunarverkefni skólans um eflingu samstarfs heimila og skóla og Erasmus+verkefninu. Í báðum þessum verkefnum var gert ráð fyrir miklu samstafi við fólk úr öðrum landshlutum, stofnunum eða úr samfélaginu en sóttvarnarfyrirmæli urðu til þess að fella varð niður viðburði og fræðsluerindi. Erasmusverkefnið kláruðum við með því að halda rafræna ráðstefnu með þátttakendum frá fimm löndum og tókst hún mjög vel. Þeir hlutar þróunarverkefnisins sem snúa að starfi innan veggja skólans hafa gengið vel og haldið verður áfram með þá á komandi skólaári og vonandi tekst okkur þá að halda endurskoðaðri áætlun um samstarf og fræðsluerindi fyrir foreldra. Nemendur hafa verið mjög ánægðir með áhugasviðsverkefnin þar sem þeir fást við verkefni að eigin vali en þurfa að uppfylla ákveðin markmið í hvert sinn. Lýðræðisvinna hefur gengið vel og nemendur eru orðnir nokkuð meðvitaðir um að þeir geta haft áhrif á margt í skipulagi skólastarfsins og eru jafnframt virkir gerendur í eigin námi.

Það hefur verið einstaklega gefandi að vinna með starfsmönnum, nemendum og foreldrum hér á Suðureyri undanfarin þrjú ár og með þessum orðum þakka ég öllum samstarfsaðilum fyrir gott samstarf.

Suðureyri 18.júní 2021

Jóna Benediktsdóttir

skólastjóri Grunnskólans á Suðureyri

skólaárið 2020-2021